

Með því að varnaraðila, Friðriki Svipmundssyni, hefir þannig eigi verið stefnt í málinu eða hin útgefna stefna verið honum birt og hann hefir ekki mætt sjálfur eða látið mæta í því, verður ex officio samkvæmt N. L. 1—4—1. að vísa málinu frá hæstarétti.

Að svo vöxnu máli fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. dez. 1929.

Nr. 36/1929.

Réttvísing (Guðmundur Ólafsson)
gegn

Tómasi Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 250. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 6. nóv. 1928: Ákærður, Tómas Jónsson, sæti 15 mánaða betrunarhúsvinnu og greiði allan af máli þessu löglega leiddan kostnað, þar á meðal 60 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hér í réttinum, Sigurðar Þórðarsonar hreppstjóra.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Afbrot ákærða heyrir undir 250. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin með hliðsjón af því, að um 13 ár eru liðin frá því ákærði var síðast dæmdur, hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi við venjulegt fangavíðurværi.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakar-

innar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Tómas Jónsson, sæti sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóm-
inum óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæsta-
rétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda,
málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og
Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Tómasi Jóns-
syni, búanda í Elvogum í Seiluhreppi, fyrir brot gegn 23. og
25. kapítulum almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og
lögum nr. 51, 7. maí 1928.

Málavextir eru sem hér segir:

Í annari viku síðastliðins sumars hvarf Konráði Arngríms-
syni bónda á Ytri-Brekum í Akrahreppi, 5 vetra gamall foli,
dökkjarpur á lit, eign dóttur hans. Var mark á hestinum:
Sneiðrifað framan hægra og miðhlutað vinstra. Þrem vikum
eða mánuði eftir hvarfið frétti Konráð til hestsins, að hann
væri kominn fram í Holtsmúla í Staðarhreppi og lét hann
sækja hestinn þangað. Eftir 3 eða 4 daga hverfur hestur þessi
aftur úr heimahögum og fréttist þá enn til hans í Holtsmúla.
Sendi Konráð þá eftir hestinum. En þegar sendimaður hans kom
að Holtsmúla gaf bóndinn þar, Ellert Jóhannsson, þær upplýs-
ingar um hestinn, að hann mundi vera kominn í vörzlur
Tómasar Jónssonar í Elvogum. Sneri sendimaður Konráðs þá
aftur heimleiðis, en bað Ellert að taka að sér að ná hestinum
frá Tómasi. Tók hann þetta að sér og var hesturinn sóttur í

Elvoga frá ákærða, sunnudaginn 8. júlí síðastliðinn, og lét ákærði hann af hendi tregðulaust. Skilaði Ellert hestinum í hendur Konráði, á Sauðárkróki þ. 11. sama mánaðar.

Konráði þótti undarlega viðbregða um hvörfin og flækinginn á folanum, sem hann hefir borið, að ávallt hafi gengið í heimahögum með hryssunni móður sinni. En með því að hann vissi, að ákærði var á ferð í nágrenni hans um þær mundir, er hesturinn fyrst hvarf, og hann hafði heyrt eftir ákærða, að hann eignaði sér hestinn, og hann hinsvegar taldi það mjög ólíklegt, að hesturinn hefði af sjálfsdáðum farið vestur yfir Héraðsvötn, þá kærði hann ákærða og baðst rannsóknar um afskipti hans af hestinum.

Það hefir ekki tekist að upplýsa um það, hvernig stendur á því, að hestur þessi hvarf úr heimahögum og kom fram í Holtsmúla. Hefir ákærði haldið því fram, að hesturinn hafi verið kominn til sín að Elvogum fyrir 9. helgi sumars. Styðst þetta við framburð vitnisins Konráðs Gíslasonar frá Bessastöðum í Sæmundarhlíð, sem var með ákærða í hrossarekstri 16. júní, því þá þvældist hesturinn með hrossum þeirra alla leið vestan af Langholti og austur yfir Héraðsvötn og aftur vestur yfir heim með ákærða að Elvogum. Þá er það að fullu upplýst, að ákærði rak hestinn með nokkrum hrossum sínum til Reynistaðarréttar á hrossasýningu 19. júní. Er það sannað með eigin játningu ákærða og framburði vitna, að ákærði var þá spurður um, hver ætti hestinn, og svaraði hann því svo: að hann ætti með hestinn — það ætti hann maður frammi á bæjum. Rak ákærði hestinn þá aftur heim til sín að Elvogum. Ennfremur er það sannað með eigin játningu ákærða og framburði vitnisins Jóns Sveinssonar bónda á Hóli í Sæmundarhlíð, að annanhvorn daginn, 21. eða 22. júní, var hesturinn settur í hald á Hóli í Sæmundarhlíð, ásamt 3 öðrum hrossum og sótti ákærði hann ásamt hrossum þessum sama daginn úr haldinu. Hefir nefndur Jón Sveinsson borið það fyrir réttinum og unnið eið að, að ákærði hafi við þetta tækifæri sagzt eiga hestinn og hafa fengið hann hjá Halldóri Vidalin Magnússyni, verzlunarmanni á Sauðárkróki. Hefir Jón ennfremur borið, að ákærður hafi þá haldið því fram, að hesturinn væri markaður með: Heilrifað hægra og sýlt vinstra, en heilrifan væri skemmd. En það er upplýst, að mark þetta er hrossamark nefnds Halldórs Vidalin, sem hann hefir borið, að hann hafi aldrei notað. Virtist Jóni vera vafamark á vinstra

eyra folans (sem stafaði af því, að miðhlutunin á eyranu reyndist ekki glöggt mörkuð), en enginn vafi á því leika, að á hægri eyra væri markað sneiðrifað framan. Vakti umtal ákærða um markið á hestinum grun hjá vitninu um það, að ekki væri það allt með feldu, sem ákærði sagði um eign sína á hestinum.

Þessum framburði Jóns Sveinssonar hefir ákærði stöðugt mótmælt, og haldið því fram, að hann hafi hvorki sagzt eiga hestinn né hafa fengið hann hjá hinum tilgreinda manni. Hefir hann haldið því fram, að hann hafi haldið hestinn vera eign Sigurðar Þorkelssonar bónda á Barkarstöðum í Bólstaðarhliðarhreppi í Húnavatnssýslu, og hafi hann ætlað að hirða hann fyrir Sigurð, eftir beiðni hans. Hefir hann ekki þóttzt muna hvort Sigurður tilgreindi lit á hestinum, sem hann bað hann fyrir að hirða, hvað þá heldur önnur einkenni. Þá hefir hann haldið því fram, að þegar hann sagðist eiga hestinn, á hrossa-sýningunni á Reynistað þ. 19. júní, og að hann væri framan af bæjum, þá hafi hann þar með átt við það, að nefndur Sigurður á Barkarstöðum ætti hestinn. Hefir hann stöðugt og eindregið neitað því, að hann hafi slegið eða ætlað sér að slá eign sinni á þennan hest.

Ofangreind greinargjörð ákærða fyrir afskiftum sínum af hesti þessum virðist æði ósennileg og grunsamleg, eins og raunar allur hér að lútandi framburður hans, þegar þess er gætt, að það er alveg gagnstætt venju, að menn í utanverðum Skagafirði hafi þau orð um hesta vestan úr Húnavatnssýslu, að þeir séu framan af bæjum. Ennfremur hefir nefndur Sigurður á Barkarstöðum borið það fyrir rétti, að hann hafi beðið ákærða að hirða fyrir sig vindótta hryssu, er hann vantaði af fjalli haustið 1927, og hugði að flækzt hefði til Skagafjarðar. Hefir Sigurður borið, að ákærði hafi lofað að hirða fyrir sig hryssu þessa, ef hann spyrdi til hennar, en annað hross hafi hann ekki beðið ákærða fyrir.

Deigi eftir að rannsóknin út af ofangreindum hesti hófst, eða 12. júlí síðastliðinn, voru könnuð hross þau, er fyrirfundust í heimalandi ákærða í Elvogum, og fannst þar þá brúnjörp hryssa 3ja vetra gömul, með marki: Stýft hægri og fjöður framan vinstra, en það mark, sem er eign Stefáns Jónssonar bónda á Hamri í Hegranesi, bróður ákærða, hefir ákærði notað sem sitt hrossamark. Leyndi það sér ekki, að markið á hægri eyra þessa tryppis var nýmarkað, því eyrað var

ógróið. Um hross þetta hefir tekizt að upplýsa, að það komst í vörzlr akærða og var afmarkað af honum með þeim atvikum sem nú greinir:

Föstudagskvöldið í elleftu viku síðastliðins sumars (29. júní) fór akærði ásamt unglingspilti, áðurnefndum Konráði Gíslasyni frá Bessastöðum, heimanað frá sér, frá Elvogum, austur yfir Langholt og austur yfir Húseyjarkvísl. Bað hann Konráð að koma með sér niður á svokallaðar Glaumbæjareyjar, sem þar eru á eylandinu, til þess að ná í 2 fola, sem hann ætlaði að hirða þar fyrir mann á Sauðárkróki, eftir beiðni hans. Var Konráð í vinnu hjá akærða þennan dag, og fór því með honum. Þegar þeir komu niður á eyjarnar og höfðu fundið folana, sagði akærði piltinum að halda vestur eyjarnar með þá, en hann ætlaði sjálfur að svipast um eftir hryssu, sem sér hefði horfið úr Hegranesi. Rétt á eftir kom akærði á eftir piltinum með hrossahóp og hafði þá orð á því við hann, að sér sýndist hann þekkja hryssuna í hópnum. Ráku þeir hrossin inn í rétt þar á eylandinu austur af Glaumbæ og handsamaði akærði þar hina framangreindu brúnjörpu hryssu og hafði orð á því, að sér sýndist vera sitt mark á henni. Pilturinn skoðaði þá mark á hryssunni, en gat ekki séð, að neitt mark væri á hægri eyra hennar. Hafði hann orð á þessu við akærða, að sér sýndist broddur hægri eyrans heill og ósnertur, — en akærður hélt því fram, að hann væri ofurlítið særður. Síðan ráku þeir hryssu þessa ásamt folunum upp og vestur yfir Langholt, heim að Elvogum, og rak akærður hrossin þar inn í hús. Skildi þá með þeim Konráði, sem fór heim til sín. Akærði hefir játað, að hann hafi morguninn eftir markað stýfingu á hægri eyra hryssunni, en á vinstra eyra hennar var gamalt og gróið mark: fjöður framan. Hefti hann hana síðan og sleppti henni því næst í heimahaga sína í haftinu.

Ákærður hélt því fyrst fram í prófunum, að hann hafi haldið sig eiga hryssuna, er hann tók hana á Glaumbæjareyjum og er hann markaði hana undir sitt mark (markið er hann notar), — hann hafi haldið hana vera hryssuna, sem hann vantaði úr Hegranesi. Það hafi fyrst verið fimmtudaginn 5. eða föstudaginn 6. júlí, er hann tók hryssuna úr haftinu og skoðaði þá um leið upp í hana, að hann sá, að þetta gat ekki verið hryssan, sem hann vantaði, því hún var 2 vetrum eldri en þessi brúnjarpa hryssa. En allt um það sló hann þó eign sinni á hryssuna og sagði Benedikt bónda Péturssyni á Stóra-Vatns-

skarði, er hann hitti næsta sunnudag, að hún væri sín eign. Það er sannað með framburði tveggja vitna, sem bezt þekktu til hryssunnar, sem ákærða vantaði úr Hegranesi, að hún var brúngrá á lit, og hefir annað vitnið, Ólafur Sigurðsson, bóndi á Hellulandi í Hegranesi, borið, að hún hafi verið með gróa slettu á nös. Þá hefir og eitt vitni borið, að ákærður hafi lýst hrossi þessu við sig sem brúngráu og í lögregluréttinum þ. 17. júlí lýsti ákærður því sjálfur yfir, að hann þori ekki að fortaka nema hann hafi lýst hrossinu þannig, því það kunní að hafa verið brúngrátt í hugskoti sínu. Þessi greinilegi litar-munur hrossanna virðist því útiloka það, að ákærður, sem af almenningi er álitinn sérlega glöggur á hross, hafi getað tekið brúnjörpu hryssuna í misgripum fyrir brúngráu hryssuna, sem hann vantaði úr Hegranesi, enda játaði ákærður það siðar í prófunum (21. júlí og 1. október), að hann hafi aldrei verið viss um að hann ætti brúnjörpu hryssuna.

Eftir að frumprófunum í máli þessu var lokið og þegar mál þetta var þingfest, þann 22. september síðastliðinn, gekk ákærði frá framangreindum framburði sínum og játningum, og hélt því þá fram fyrir réttinum, að hann hefði játað á sig framangreint brot sitt af ósönnu í því skyni að sleppa við gæzluvarðhald. Lagði talsmaður ákærða þá fram vottorð frá Sigfúsi Eyjólfssyni á Eiríksstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi þess efnis, að Sigfús hefði kornið að Elvogum föstudagskvöldið 29. júní síðastliðinn, hitt ákærða þar við hesthús, skoðað, að hans beiðni, brúna (eða jarpa) hryssu, og fundið örliða stýfingu á hægri eyra hennar. — Værð þetta til þess, að dómstöku málsins var frestað, en rannsókn þess tekin upp aftur.

Var nefndur Sigfús Eyjólfsson yfirheyrður í lögreglurétti hér á Sauðárkróki þ. 29. september síðastliðinn og kannaðist hann við að hafa gefið ofangreint vottorð. Bar hann það fyrir réttinum undir eiðstilboð, að hann hefði ekkert mark séð á hægri eyra hrossins, sem ákærði sýndi honum, áður en hann handlék eyrað og hafði hann orð á því við ákærða. En þegar hann fór að handleika eyrað, fannst honum votta fyrir litlum stalli efst framan á hveli eyrans og fletti hann þá frá hárunum og sást þá glöggt, að eyrað var sært þó litlið væri, og tók hann þetta fyrir stýfing, sem hallaðist. Sigfúsi var þá samtundis í réttinum sýnd brúnjarpa hryssan, sem ákærður tók af Glaumbæjareyjum og skoðaði hann hana. Neitaði hann því, að hann gæti þekkt hana fyrir sama hross og ákærði

sýndi honum í Elvogum við framangreint tækifæri. Framburður Sigfúsar þessa þykir því að réttarins álti engu breyta um það, sem áður var upplýst í málinu, enda hafði ákærður 3 dögum á undan síðastgreindu réttarhaldi gengið frá afturköllun síns fyrra framburðar og lýst því yfir í lögregluréttinum, að hann hefði skrökvað upp afturkölluninni í því skyni að reyna að umflýja hegningu. Það er sannað með staðfestum framburði Magnúsar Gíslasonar hreppstjóra á Frostastöðum og Gísla Magnússonar bónda í Eyhildarholti, sem kemur heim við fleiri hér að lútandi vitnaskýrslur, að marggreind hryssa er eign nefnds Gísla Magnússonar. Var tryppið keypt haustið 1926 af Bjarna Jóhannessyni frá Reykjum í Hjaltadal. Var það með marki: fjöður framan vinstra. Hafa bæði hin síðastgreindu vitni, sem alla tíð síðan 1926 og þangað til hrossið hvarf í vor, hafa haft það í vörzlum sínum, borið, að þau hafi aldrei orðið þess vís, að nokkurt mark hafi verið á hægri eyra hryssunnar. Var hryssan afhent eigandanum að rannsókn lokinni.

Við rannsókn málsins komu fram atriði, er þóttu vekja grun um, að ákærði hefði haustið 1927 slátrað hrossum með leynd á heimili sínu, og snerist því rannsóknin talsvert um þetta atriði. Var gjörð rannsókn á útihúsum í Elvogum í því skyni, að komast fyrir um þetta, en ekkert það kom fram við rannsókn þessa, er upplýsi eða sanni, að ákærður hafi gjörzt sekur um hrossasiátrun af ófrjálsu.

Þá hefir það einnig komið í ljós við rannsókn málsins, að nokkrir hestar, er ýmsir áttu, hafa verið í óskilum með hrossum ákærða. Hafa réttarprófin, að því leyti sem þau fjölluðu um þetta atriði, ekki leitt til þess, að nokkuð sannaðist á ákærða um sagnæm afskifti af þessum hestum.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1886 og var hann 1) í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu, þ. 25. marz 1908, sektaður um 30 krónur fyrir tiundarsvik, 2) með dómi landsyfírréttarins, uppkveðnum 29. sept. 1913, dæmdur samkvæmt 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til 4×5 daga fangelsis við vatn og brauð og 3) með dómi landsyfírréttarins, uppkveðnum 25. okt. 1915, dæmdur samkv. 250. gr. og 272. gr., sbr. 273. gr. greindra hegningarlaga til eins árs betrunarhússvinnu. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 11.—21. júlí síðastl. og frá 22. september til 3. f. m. Eins og dómsskjölin bera með sér, hefir hann við rannsókn þessa máls reynzt þvermóðskufullur og fram-

burður hans yfirleitt óhreinskilinn og blandinn ósannindum og missögnum.

Þrátt fyrir vitnaframburði þá og líkur, sem fram hafa komið í málinu, svo og fortið ákærða og tortryggilegan framburð hans, að því er snertir afskifti hans af framangreindum hesti frá Ytri-Brekkum, verður að réttarins áliti ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi ætlað sér að slá eða slegið eign sinni á hest þennan. Ber því að sýkna hann af ákæru réttvisinnar að þessu leyti.

Hinsvegar þykir það löglega sannað með eigin játning ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt hefir verið upplýst í málinu, að hann hefir tekið hina brúnjörpu hryssu frá Eyhildarholti af framangreindum Glaumbæjareyjum og rekið hana heim til sín og afmarkað sér hana, án þess að vera viss um, að hún væri hans eign, og ennfremur að hann sló eign sinni á hross þetta, enda þótt hann þá vissi, að hann átti það ekki.

Brot ákærða heyrir að réttarins áliti undir 250. gr., sbr. 249. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir hegning sú, er hann hefir unnið til, með tilliti til fortiðar hans og málavaxta, vera hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna.

Eftir þessum úrslitum ber og að dæma ákærða til að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér í réttinum, er ákveðst 60 krónur.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Miðvikudaginn 11. dez. 1929.

Nr. 18/1929. **Pétur Guðjónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Einari Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Sýknudómur.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 20. sept. 1928: Stefndi, Pétur Guðjónsson, á að greiða stefnanda Einari Jónssyni 25 krónur í skaðabætur.

Málkostnaður fellur niður.